

SKIMUN FYRIR LEGHÁLSKRABBAMEINI

Upplýsingar um lýðgrundaða skimun
fyrir leghálskrabbameini á Íslandi



Embætti landlæknis

Skimun fyrir leghálskrabbameini

Konur á aldrinum 23-64 ára fá reglulega boð í leghálsskimun. Leghálsskrabbamein orsakast af HPV veirusmiti (*Human Papilloma Virus*) og er því ekki tengt erfðum. Í þessum bæklingi getur þú lesið þér nánar til um HPV veiruna, áhrif hennar og hvernig skimunarferlið gengur fyrir sig.

Upplýsingar um hvenær þú fékkst boðsbréf og hvenær þú átt að mæta næst má nálgast á heilsuvera.is (Mínar síður -> Sjúkraskrá / Skimunarsaga).

Konur á aldrinum 23-29 ára fá boð um að mæta í skimun á 3ja ára fresti og konur á aldrinum 30-64 ára á 5 ára fresti.

Niðurstöður berast innan fjögurra vikna. Leghálssýnataka á heilsugæslu kostar 500 krónur.

Allar niðurstöður úr skimunum eru sendar til þín rafrænt á mínar síður á [Heilsuvera.is](https://heilsuvera.is) og [Ísland.is](https://island.is)

Hinsegin fólk

Boðsbréf í skimanir fyrir leghálskrabbameini eru send á einstaklinga sem skilgreindir eru sem kvenkyns í Þjóðskrá. Þau sem skilgreina sig ekki sem kvenkyns í Þjóðskrá en eru með legháls þurfa því að fylgjast sjálf með því hvenær er tímabært að mæta í skimun.

Fólki er velkomið að vera í sambandi við starfsfólk Samhæfingarstöðvar krabbameinsskimana til að fá upplýsingar ef einhver óvissa er varðandi hvort og hvenær á að mæta í skimun.

Hvað er skimun?

Skimun er ætluð einkennalausum, heilbrigðum einstaklingum. Þannig er hægt að greina sjúkdóma á frumstigi, lækka nýgengi þeirra og auka lífslíkur. Með þessu minnka líkur á alvarlegum sjúkdómum, þörf á inngripi minnkar og meðferð er oft vægari.

Skimun fyrir leghálskrabbameini

Leghálskrabbamein orsakast af HPV veiru sem hægt er að greina með stroki frá leghálsinum. HPV veirusmit veldur ekki einkennum og því er mikilvægt að mæta reglulega í skimun.

Þó að þú hafir mætt reglulega í skimun og fengið eðlilegar niðurstöður er mikilvægt að leita til kvensjúkdómalæknis ef þú færð einkenni frá kvenlíffærum, óháð því hvenær þú fórst í skimun síðast.

Möguleg einkenni geta verið milliblæðingar, blæðingar eftir kynlíf, verkir neðst í kvið eða breyting á útferð

Framkvæmd leghálsskimunar

Tekið er stök frá yfirborði leghálsins með litlum mjúkum burstum. Sýnataka er í langflestum tilfellum sársaukalaus en sumar konur finna til vægra óþæginda.

Sýnataka er framkvæmd af ljósmæðrum og hjúkrunarfræðingum á heilsugæslum um allt land. Vert er að nefna að skimun jafnast ekki á við fullgilda skoðun hjá kvensjúkdómalækni. Því er mikilvægt að ráðfæra sig við lækni ef um einkenni er að ræða í stað þess að bóka sig í skimun.

Einnig er hægt að fara í sýnatöku hjá kvensjúkdómalækni.

Pungun og sýnataka

Almennt er ráðlagt að bíða með skimun þar til 6-8 vikum eftir fæðingu. Ef langt er liðið frá síðustu sýnatöku má þó taka sýni. Til eru burstar sem ætlaðir eru fyrir sýnatöku hjá þunguðum konum. Ef um eftirlit er að ræða skal ávallt ráðfæra sig við heilbrigðisstarfsmann áður en bókaður er tími.

Blæðingar og sýnataka

Ekki er æskilegt að taka sýni meðan á blæðingum stendur þar sem auknar líkur eru á ógildu svari og að endurtaka þurfi sýnatöku.

Orsök leghálskrabbameins

Leghálsskrabbamein orsakast af viðvarandi HPV smiti (*Human Papilloma Virus*). HPV smitast milli einstaklinga við það að stunda kynlíf.

Oftast ræður ónæmiskerfið við veiruna og losar sig við hana innan tveggja ára. Í þeim tilfellum sem líkaminn nær ekki að losna við veiruna og hún verður viðvarandi í lengri tíma getur hún mögulega valdið frumubreytingum. Frumubreytingar eru ekki krabbamein en geta þróast í það ef ekki er fylgst með og gripið inn í á viðeigandi hátt ef á þarf að halda (sjá nánar um frumubreytingar hér fyrir neðan).

HPV (*Human Papilloma Virus*)

HPV er veira sem smitast milli manna. Til eru yfir 200 afbrigði af veirunni en um 15 þeirra geta mögulega valdið frumubreytingum og krabbameini í leghálsi. Þær eru svokallaðar há-áhættu HPV og fyrir þeim er skimað í leghálsskimun.

Þau afbrigði smitast við kynmök og snertingu milli kynfærasvæða. Þess vegna flokkast HPV veirusmit sem kynsjúkdómur. Það er álitid að 80% allra einstaklinga sem stunda kynlíf með öðrum einstaklingum smitist af veirunni einhvern tíma á ævinni. Mestar líkur eru á smiti fyrir 25 ára aldur þar sem makaskipti eru tíðari á þeim aldri. Þess vegna er skimað fyrir veirunni á 3ja ára fresti hjá 23-29 ára en á 5 ára fresti hjá 30-64 ára.

HPV smit er einkennalaust svo einstaklingar vita ekki af því hvort þeir séu smitaðir. Þess vegna er mikilvægt að mæta reglulega í skimun.

Frumubreytingar

Í leghálsstroki geta greinst vísbendingar um frumubreytingar sem þýðir að útlit frumnanna er ekki eðlilegt. Frumubreytingar geta verið á mismunandi stigum en algengast er að þær stafi af bólgusvari sem í flestum tilfellum jafnar sig af sjálfu sér.

Óháð því á hvaða stigi frumubreytingar reynast þá er mikilvægt að mæta í eftirlit til þess að fylgja þeim eftir og grípa inn í ef á þarf að halda. Ekki er hægt að segja til um hvaða frumubreytingar munu jafna sig af sjálfu sér og hverjar verða að krabbameini. Þess vegna er mikilvægt að fylgja eftir ráðlögðu eftirliti.

Breyting í frumum leghálsins orsakast af HPV smiti sem er viðvarandi í langan tíma. Frumubreytingar þróast ekki í krabbamein nema HPV veiran sé til staðar. Frá smiti tekur yfirleitt um 10 ár eða meira fyrir krabbamein að þróast. Leiðbeiningar landlæknis um skimun fyrir leghálskrabbameini taka mið af þessari staðreynd í ákvörðun um tímalengd milli skimana.

Frumubreytingar eru ekki krabbamein en þær eru yfirleitt einkennalausar og því er mikilvægt að mæta reglulega í skimanir

Varnir gegn smiti

Ekki er til nein meðferð við HPV smiti en það er hægt að minnka líkur á smiti:

- **með bólusetningu.** Bólusetning er jafnframt besta forvörnin.
- **með notkun smokks.** Smokkur veitir þó ekki 100% vörn þar sem veiran getur fundist á húðsvæði í kringum kynfæri.
- **með hreinsun húðsvæðis** (sérstaklega handa) **og hjálpartækja** eftir kynmök.
- **með reykleysi.** Reykingar veikja ónæmiskerfið og geta aukið líkur á viðvarandi veirusmiti.

Bólusetning gegn HPV

Bólusetning hófst á Íslandi haustið 2011 hjá 12 ára stúlkum með bóluefninu Cervarix sem veitir vörn gegn HPV afbrigðum sem valda um 70% allra leghálskrabbameina.

Haustið 2023 hófst bólusetning fyrir öll börn við 12 ára aldur með bóluefninu Gardasil 9 sem veitir vörn gegn HPV afbrigðum sem valda 90% allra leghálskrabbameina.

Þar sem bólefnin veita ekki vörn gegn öllum afbrigðum HPV veirunnar sem geta valdið leghálskrabbameini, þá er mikilvægt að mæta áfram reglubundið í skimun.

Niðurstöður skimunar

Svarbréf með niðurstöðum úr sýnatökunni berast innan fjögurra vikna inn á heilsuvera.is og island.is.

Í svarbréfinu kemur fram hver niðurstaðan er úr rannsókn sýnisins og sagt er til um hvenær ráðlagt er að mæta í næstu sýnatöku eða skoðun.

Ráðleggingar um næstu sýnatöku fara eftir niðurstöðum úr sýnatökunni en einnig er tekið tillit til fyrri niðurstaðna. Ráðleggingar geta verið skimun aftur eftir 3 eða 5 ár (fer eftir aldri) eða eftirlit í samræmi við skimunarleiðbeiningar [Embætti landlæknis](#).

Eftirlit getur falist í því að mæta í nýja sýnatöku eftir 6 eða 12 mánuði eða að ráðlögð sé frekari skoðun hjá kvensjúkdómalækni.

Frekari skoðun

Ef niðurstöður úr skimun kalla á frekari skoðun felur það venjulega í sér leghálsspeglun. Ef frumubreytingar greinast sem þarfnast meðferðar er oftast ráðlagður keiluskurður.

Tilvísanir

Þegar leghálssýni er tekið á heilsugæslu sendir Samhæfingarstöð krabbameinsskimana tilvísun í leghálsspeglun á Landspítala. Þegar leghálssýni er tekið hjá kvensjúkdómalækni ber hann ábyrgð á að konan fái tíma í leghálsspeglun.

Leghálsspeglun

Leghálsspeglun er smásjárskoðun á leghálsinum, framkvæmd af kvensjúkdómalækni. Tekin eru vefjasýni frá þeim svæðum leghálsins þar sem grunur er um frumubreytingar og þau send til vefjagreiningar.

Út frá niðurstöðum skoðunar og vefjagreiningar metur læknirinn þörfina á frekara eftirliti eða meðferð. Unnið er eftir leiðbeiningum og verkferlum sem gefnir eru út af [Embætti landlæknis](#). Það er á ábyrgð læknisins að upplýsa um niðurstöður speglunar og ráðlagt eftirlit í kjölfar hennar.

Framkvæmd

Leghálsspeglanir eru framkvæmdar af kvensjúkdómalæknum sem hafa fengið sérstaka þjálfun í framkvæmd þeirra. Skoðunin tekur um 15 til 20 mínútur og er lík hefðbundinni skoðun hjá kven-sjúkdómalækni nema notuð er smásjá við hana. Ekki er þörf á svæfingu eða deyfingu við skoðunina.

Pungun

Leghálsspeglun er framkvæmd þrátt fyrir þungun, en læknirinn sem framkvæmir speglunina metur hvort taka þurfi vefjasýni. Mikilvægt er að láta vita af þungun þegar leghálsspeglun er bókuð.

Keiluskurður

Keiluskurður er yfirleitt ráðlagður þegar meðhöndla þarf frumubreytingar.

Framkvæmd

Keiluskurður er aðgerð þar sem kvensjúkdómalæknir tekur keilulaga bita úr leghálsinum til þess að fjarlægja frumubreytingarnar. Þessi aðgerð er að öllu jöfnu framkvæmd í staðdeyfingu og er framkvæmd á sjúkrahúsi.

Eftirlit

Fyrsta eftirlitssýni eftir keiluskurð er eftir 6 mánuði, óháð aldri.

Niðurstöður úr vefjagreiningu keiluskurðar og mat á því hvort tekist hafi að fjarlægja allar frumubreytingarnar segja til um þörf fyrir frekara eftirlit. Unnið er eftir leiðbeiningum frá [Embætti landlæknis](#).

Pungun

Keiluskurður er ekki framkvæmdur á meðgöngu.

Keiluskurður hefur ekki áhrif á framtíðar þunganir, en þó er vægt aukin hætta á fyrirburafæðingu. Læknir sem framkvæmir aðgerðina getur gefið frekari upplýsingar um þetta.

Staðreyndir um skimun fyrir leghálskrabbameini

Kostir

Það eykur öryggi og dregur úr líkum á leghálskrabbameini að mæta reglubundið í skimun.

Með því að mæta reglulega í leghálsskimun er hægt að greina og meðhöndla frumubreytingar áður en þær þróast í krabbamein.

Með því að mæta í leghálsskimun hittir þú fagaðila sem getur frætt þig og þannig dregið úr kvíða.

HPV rannsókn er áreiðanleg.

Ókostir

Sumar konur upplifa væg óþægindi við sýnatöku, en með því að slaka á í sýnatökunni er hægt að draga úr óþægindunum.

Frumurannsókn getur mögulega gefið falska niðurstöðu.

Ofmeðhöndlun getur átt sér stað í einstaka tilfellum. Þar sem ekki er hægt að sjá fyrir hvaða frumubreytingar ganga til baka og hvaða frumubreytingar myndu mögulega þróast í krabbamein, þarf að meðhöndla í báðum tilfellum.

Einstaka konur finna fyrir kvíða í tengslum við sýnatökuna. Þá getur verið hjálplegt að ræða við sýnatökuaðila um ástæðu kvíðans.

Afbakka boð í skimun

Ef þú óskar eftir því að fá ekki boð í skimun þarftu að hringja í Samhæfingarstöð krabbameinsskimana og fá viðtal við hjúkrunarfræðing. Hægt er að hringja á virkum dögum milli klukkan 8:30 og 12:00 í síma 513-6700.

Ef þú ert ekki viss um hvort þú eigir að fara í skimun, t.d. vegna fyrri aðgerða, ráðleggjum við þér að tala við þinn lækni til þess að fá upplýsingar og leiðbeiningar. Ef þörf er á er hægt að fá ráðleggingar hjá hjúkrunarfræðingi SKS.

Ýmis fróðleikur um skimanir

- Á árunum 2019-2023 greindust að meðaltali 18 konur á ári með leghálskrabbamein og fjórar konur létust að meðaltali á ári á þessu tímabili.
- Nýgengi leghálskrabbameins er hæst í hópnum 30-34 ára.
- Meðalaldur við greiningu er 48 ára.
- Skimað er fyrir HPV veirunni því það verða ekki frumubreytingar eða krabbamein nema hún sé til staðar.
- Flestir losa sig við HPV veirusmit af sjálfu sér á innan við tveimur árum.

Með reglubundinni þátttöku í leghálsskimun hefur tilfellum leghálskrabbameina fækkað um 90%

Hvar get ég leitað frekari upplýsinga?

Ef þú hefur spurningar varðandi skimun fyrir leghálskrabbameini getur þú leitað upplýsinga á eftirfarandi vefsíðum:

- [Samhæfingarstöð krabbameinsskimana \(skimanir.is\)](https://skimanir.is)
- [Heilsuvera](#)
- [Embætti landlæknis](#)
- [Landspítalinn – kvennadeild](#)

Ef þú finnur ekki svör við spurningum þínum getur þú haft samband við Samhæfingarstöð krabbameinsskimana:

- Sími 513 6700
- Tölvupóstur: krabbameinsskimun@heilsugaeslan.is